

BORGARRÁÐ 20. september 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um auknar fjárheimildir skrifstofu borgarstjórnar til að halda úti skrá yfir fyrirspurnir og tillögur - R18090188

Lagt er til að borgarráð samþykki auknar fjárheimild til skrifstofu borgarstjórnar eða fundar séu aðrar hagræðingaleiðir til þess að borgarskrifstofa borgarstjórnar geti haldið opinbera skrá yfir tillögur, fyrirspurnir og bókanir flokkanna og birti skrána á heimasíðu borgarfulltrúa á vef Reykjavíkurborgar. Samkvæmt minnisblaði skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjórnar sem lagt var fyrir á fundi forsætisnefndar var gerð lausleg þarfagreining á þessu auka verkefni sem borgarfulltrúi Flokks fólksins óskaði eftir að sinnti. Segir í minnisblaðinu skrifstofustjóra sem lagt var fyrir á fundi forsætisnefndar eftirfarandi og er hér látið fylgja með: „Við upphaflega þarfagreiningu voru teknar saman allar fyrirspurnir og tillögur eins flokks á kjörtímabilinu, ásamt greinargerðum og afgreiðslum og settar upp með samræmdu sniði í eitt skjal. Það skjal reyndist vera 21.190 orð á 54 blaðsíðum.“ . Vísað er að öðru leyti í umrætt minnisblað. Yrði sambærileg vinna gerð fyrir hana flokkana er ljóst að frekara fjármagn þarf eða finna þarf aðrar leiðir til að gera skrifstofunni kleyft að sinna þessu verkefni sem er mikilvægt fyrir margar sakir m.a. að auka gagnsæi og gera borgarbúum auðveldara með að fylgjast með málum sem lögð eru fram í borginni.